

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2006


Quarterly government accounts, 3rd quarter 2006

Samantekt

Á 3. fjórðungi þessa árs nam tekjuafgangur hins opinbera 14½ milljarði króna sem er heldur lakari afkoma en á 3. ársfjórðungi 2005. Fyrstu níu mánuði ársins nam tekjuafgangur hins opinbera 48,5 milljörðum króna sem svarar til 4,3% af landsframleiðslu. Á sama tímabili síðasta árs nam tekjuafgangurinn 35,5 milljörðum króna eða 3,5% af landsframleiðslu. Þessi hagstæða afkoma skýrist fyrst og fremst af góðri tekjuafkomu ríkissjóðs en tekjuafkoma sveitarfélaganna var neikvæð um 0,4% af landsframleiðslu á fyrstu níu mánuðum þessa árs.

Mynd 1. Tekjuafgangur hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 1. General government financial balance as per cent of GDP



Hið opinbera

Tekjuafgangur hins opinbera
11% af tekjum þess

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar tæplega 134 milljarðar króna á 3. fjórðungi þessa árs samanborið við 127 milljarða króna á sama tímabili síðasta árs. Þá reyndist tekjujöfnuðurinn jákvæður um 14,5 milljarða króna eða um 11% af tekjum hins opinbera sem er nokkru lakari niðurstaða en á sama tíma í fyrra. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældist tekjuafgangurinn um 1,3% samanborið við 1,5% árið á undan. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa tekjur hins opinbera aukist um tæplega 9% frá samsvarandi tímabili fyrra árs en útgjöldin hafa vaxið um 6%. Tekjuafkoma hins opinbera á þessu tímabili er því um 48,5 milljarðar króna eða sem svarar til 4,3% af landsframleiðslu ársins. Áætlað er að fjárfesting hins opinbera hafi verið um 26 milljarðar króna á



fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við ríflega 23 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. fjórðungi og fyrstu níu mánuðum 2006
Table 1. General government finances in 3rd quarter and January-September 2006

Fjárhæðir í milljörðum króna	2005	2006	Breyting	2005	2006	Breyting
<i>Figures in billion krónur</i>	3. ársfj.	3. ársfj.	%	Ársfj. 1-3	Ársfj. 1-3	%
	3. quart	3. quart	Change %	Quart 1-3	Quart 1-3	Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	127,0	133,7	5,3	361,2	393,5	8,9
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	112,1	119,2	6,3	325,7	345,1	6,0
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	10,5	10,3	-1,6	23,3	25,9	11,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial balance (3 = 1 - 2)</i>	14,9	14,5	•	35,5	48,5	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial bal. % of total revenue</i>	11,7	10,9	•	9,8	12,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ársins <i>Financial balance % of GDP</i>	1,5	1,3	•	3,5	4,3	•

Ríkissjóður

Tekjur ríkissjóðs yfir 100 milljarðar á 3. ársfjórðungi

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi orðið um 102 milljarðar króna á 3. fjórðungi þessa árs og heildarútgjöld um 85,5 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því áætlaður jákvæður um 16,4 milljarða króna á þeim ársfjórðungi eða sem nemur 1½% af landsframléiðslu ársins. Á fyrstu níu mánuðum ársins benda tölur til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi aukist um tæplega 9% frá sama tímabili fyrra árs og útgjöldin um 3½%. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því tæplega 53 milljarðar króna á þessu tímabili eða sem nemur 4,7% af landsframléiðslu og um 17,8% af tekjum hans. Útgjöld til fjárfestinga eru einungis um 10 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins og eru í lágmarki í ár og á síðasta ári miðað við fyrri ár.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. fjórðungi og fyrstu níu mánuðum 2006
Table 2. Central government finances in 3rd quarter and in January-September 2006

Fjárhæðir í milljörðum króna	2005	2006	Breyting	2005	2006	Breyting
<i>Figures in billion krónur</i>	3. ársfj.	3. ársfj.	%	Ársfj. 1-3	Ársfj. 1-3	%
	3. quart	3. quart	Change %	Quart 1-3	Quart 1-3	Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	97,8	101,9	4,2	272,3	296,5	8,9
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	82,0	85,5	4,3	235,5	243,8	3,5
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	4,2	4,1	-2,4	9,2	9,9	7,7
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial balance (3 = 1 - 2)</i>	15,7	16,4	•	36,7	52,7	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial bal. % of total revenue</i>	16,1	16,1	•	13,5	17,8	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ársins <i>Financial balance % of GDP</i>	1,6	1,5	•	3,6	4,7	•

Sveitarfélög

Afkoma sveitarfélaganna í
jánum

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2006 eru áætlaðar 34,2 milljarðar króna og heildarútgjöld 36,1 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 2 milljarðar króna eða sem nemur 0,2% af landsframleiðslu. Þetta er nokkru lakari niðurstaða en á sama tímabili í fyrra er tekjuhallinn var talinn 1,6 milljarðar króna.¹ Fyrstu níu mánuði ársins hafa heildartekjur sveitarfélaganna vaxið um rúmlega 11% frá sama tímabili síðasta árs og útgjöldin í heild um tæplega 12%. Tekjuhalli fyrstu níu mánuði ársins er því áætlaður rúmlega 4 milljarðar króna. Samkvæmt þessari áætlun er fjárfesting fyrstu þriggja ársfjórðunga ársins talin hafa verið 16 milljarðar króna samanborið við 14 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. fjórðungi og fyrstu níu mánuðum 2006

Table 3. Local government finances in 3rd quarter and in January-September 2006

Fjárhæðir í milljörðum króna	2005	2006	Breyting	2005	2006	Breyting
Figures in billion krónur	3. ársfj.	3. ársfj.	%	Ársfj. 1-3	Ársfj. 1-3	%
	3. quart	3. quart	Change %	Quart 1-3	Quart 1-3	Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	30,8	34,2	11,1	93,6	104,0	11,1
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	32,4	36,1	11,4	96,9	108,3	11,7
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	6,3	6,2	-1,1	14,1	16,0	13,9
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial balance (3 = 1 - 2)</i>	-1,6	-1,9	•	-3,3	-4,2	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial bal. % of total revenue</i>	-5,2	-5,5	•	-3,5	-4,1	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ársins <i>Financial balance % of GDP</i>	-0,2	-0,2	•	-0,3	-0,4	•

Gagna- og aðferðalýsing

Megináhersla á tekjuafkomu og
samræmi við uppgjör
þjóðhagsreikninga

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggja á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað, óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið í heild ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins. Enn sem komið er hefur ekki reynst unnt að birta mikla sundurliðun á fjármálum hins opinbera og hefur birtingin takmarkast við heildartekjur, heildargjöld og tekjujöfnuð auk þess sem fjárfesting er sýnd sérstaklega.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. Annar mælikvarði er einnig notaður en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrareiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði en þá eru

¹ Rétt er að nefna í þessu samhengi að endurskoðun á fjármálum sveitarfélaganna aftur til ársins 1998 sem Hagstofan vinnur að bendir til þess að tekjuafkoma sveitarfélaganna hafi verið allnokkru hagstæðari á árinu 2005 en árstölur Hagstofunnar gefa til kynna. Þetta mun endurspeglast í ársfjórðungstölum árána 2005 og 2006 er niðurstöður endurskoðunarinnar birtast í mars á næsta ári.

afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn sem þeim mun nemur.

English summary

In the 3rd quarter of 2006, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 14½ billion ISK krónur in surplus or 1.3 per cent of GDP. This can be compared with a surplus of 1.5 per cent of GDP in the 3rd quarter of 2005. During the first nine months of this year, the general government financial balance was positive by 48.5 billion ISK krónur or by 4.3 per cent of GDP. In the same period last year, the general government financial balance was 35.5 billion krónur or 3.5 per cent of GDP. This is mainly due to a record high surplus in central government finances but the local government financial balance is still in deficit, or by 0.4 per cent of GDP the first nine months.

The revenue and expenditure figures for the general government and its subsectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on the central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2004–2006

Table 4. Quarterly Government Finances 2004–2006

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Tekjujöfnuður					
	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	- þar af fjárfesting - thereof <i>investment</i> (2.1)	Tekjujöfnuður <i>Financial</i> <i>balance</i> (3=2-1)	hlutfall af heildartekjum <i>Financial</i> <i>balance % of</i> <i>total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial</i> <i>balance %</i> <i>of GDP</i>
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2004¹	420,1	415,5	33,2	4,6	1,1	0,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	98,8	97,7	5,7	1,1	1,1	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	102,2	105,1	9,4	-2,9	-2,8	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	108,6	111,6	8,7	-3,0	-2,8	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	110,5	101,1	9,4	9,4	8,5	1,0
2005¹	493,0	437,4	30,3	55,6	11,3	5,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	115,1	103,2	5,0	11,9	10,3	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	119,1	110,4	7,8	8,7	7,3	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	127,0	112,1	10,5	14,9	11,7	1,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	131,8	111,7	7,1	20,1	15,3	2,0
2006¹
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	129,0	110,1	6,2	19,0	14,7	1,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	130,8	115,7	9,4	15,0	11,5	1,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	133,7	119,2	10,3	14,5	10,8	1,3
Ríkisjóður <i>The Central Government</i>						
2004¹	314,4	302,9	13,8	11,5	3,7	1,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	72,7	70,8	2,4	1,9	2,7	0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	75,5	75,7	4,0	-0,2	-0,3	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	82,8	83,6	4,1	-0,7	-0,9	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	83,4	72,9	3,2	10,5	12,6	1,1
2005¹	373,4	316,5	11,4	56,9	15,2	5,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	85,1	74,3	2,1	10,8	12,7	1,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	89,4	79,2	2,9	10,2	11,4	1,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	97,8	82,0	4,2	15,7	16,1	1,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	101,1	81,0	2,2	20,1	19,9	2,0
2006¹
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	96,2	77,7	2,4	18,5	19,3	1,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	98,4	80,6	3,4	17,8	18,1	1,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	101,9	85,5	4,1	16,4	16,1	1,5
Sveitarfélög <i>The Local Governments</i>						
2004¹	114,9	122,7	19,5	-7,8	-6,8	-0,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	28,4	29,4	3,3	-1,1	-3,7	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	29,0	31,9	5,4	-2,9	-10,0	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	28,1	30,5	4,6	-2,4	-8,6	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	29,4	30,8	6,2	-1,4	-4,9	-0,2

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2004–2006 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2004–2006 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Tekjujöfnuður					
	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	- þar af fjárfesting - thereof <i>investment</i> (2.1)	Tekjujöfnuður <i>Financial balance</i> (3=2-1)	hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
2005¹	125,9	129,9	18,9	-4,0	-3,2	-0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,6	31,1	2,9	0,5	1,6	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	31,2	33,4	4,9	-2,2	-7,0	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,8	32,4	6,3	-1,6	-5,2	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	32,2	33,0	4,9	-0,7	-2,2	-0,1
2006¹
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,1	34,7	3,8	0,4	1,2	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	34,7	37,5	6,0	-2,8	-8,0	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	34,2	36,1	6,2	-1,9	-5,5	-0,2

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Hag tíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National Accounts**

91. árgangur nr. 64 2006:8

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.runar.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series